



FAGMENNSKA – SKÖPUN – SAMSTARF
Ársskýrsla 2025-2026

júní 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri	4
2. Fjármál og rekstur.....	5
3. Aðstaða og faglegt starf.....	5
4. Miðlun upplýsinga	8
5. Ytra samstarf	9

Inngangur

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) gengu vel á starfsárinu og sýnir ársreikningur 2025 jafnvægi í rekstri. Eftirspurn eftir vinnuaðstöðu hefur haldist stöðug og nýting er góð. Innanhúsfólk hefur unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: stundað nám og kennslu við innlenda og erlenda háskóla, unnið að rannsóknum, fræði- og ritstörfum og annarri þekkingarsköpun sem sjálfstætt starfandi einyrkjar, sinnt störfum/verkefnum óháð staðsetningu og unnið að frumkvöðlaverkefnum. Eins og áður var lögð áhersla á félagslega samveru innanhúsfolks til að efla kynni og tengsl og stuðla að góðum starfsanda. Fréttabréf voru gefin út samkvæmt áætlun og haldið var áfram að taka saman upplýsingar um fjölda þeirra sem eru með vinnuaðstöðu hjá AkAk, verkefni sem fólk vinnur að í húsnæði AkAk, sem og viðburði á vegum AkAk, og upplýsingar skráðar jöfnum höndum í gagnagrunninn á vefsíðu stofnunarinnar. Síðast en ekki síst var unnið að því að efla tengsl við nærsamfélagið með samstarfi við Akureyrarbæ, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila sem og miðlun þekkingar til samfélagsins með því að bjóða bæjarbúum upp á fjölbreytta viðburði.

Það er mat stjórnar að ársskýrslan sýni öflugt og fjölbreytt starf á breiðu sviði og sterk tengsl við nærsamfélagið.

Akureyri, 8. júní 2026

F. h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, formaður

Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 15. maí 2025 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar fyrir komandi starfsár en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð úr hópi skráðra fulltrúa, þar af þrjá í stjórn.

Stjórn 2025-2026:

- Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari

Aðrir í fulltrúaráði 2025-2026:

- Arna Dögg Arnardóttir
- Bryndís Fjóra Pétursdóttir
- Gunnar Árnason
- Jón Örn Pálsson

Stjórn fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórnin mótastefnu og starfstílhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfböðavinnu.

Hlutverk framkvæmdastjóra AkAk er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Aðalheiður Steingrímsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri í hlutastarfi frá árinu 2020. Hún tilkynnti stjórn í ágúst 2025 að hún hefði ákveðið að hætta störfum vorið 2026. Auglýst var eftir umsóknum um 50% starf framkvæmdastjóra í mars 2026 með ráðningu frá 1. maí 2026 og bárust níu umsóknir. Sá umsækjandi sem stjórn hafði boðið starfið hætti við af persónulegum ástæðum. Stjórn ákvað að biðja með að auglýsa aftur þar til haustið 2026 og samþykkti Aðalheiður að gegna áfram starfi framkvæmdastjóra þar til nýr hefði verið ráðinn.

Stjórnin hefur haldið 13 stjórnarfundum á starfsárinu. Aðrir fulltrúar í fulltrúaráði hafa einnig setið fundum þegar þeir hafa haft tök á.

2. Fjármál og rekstur

Markmið stefnu AkAk varðandi fjármál og rekstur er að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar gengu vel á starfsárinu, og sýnir ársreikningur AkAk fyrir árið 2025 jafnvægi í fjármálum og rekstri.

Rekstrartekjur eru 15.4 m.kr., þar af eru opinber framlög 11.6 m.kr., tekjur af útleigu á vinnuaðstöðu 3.6 m.kr., og aðrar rekstrartekjur kr. 132.000. Rekstrargjöld eru 11.4 m.kr., þar af er verkefnakostnaður kr. 946.000, laun og launatengd gjöld 4.1 m.kr., rekstur fasteignar 2.6 m.kr., annar rekstrarkostnaður 2.7 m.kr., og afskriftir kr. 997.000. Rekstrarafkoma ársins 2025 er jákvæð um 2.2 m.kr.

3. Aðstaða og faglegt starf

Markmið stefnu AkAk um aðstöðu og faglegt starf er að bjóða einstaklingum upp á góða aðstöðu og þjónustu til að vinna að hugðarefnum sínum og að efla félagslega samveru og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.

Húsnæðið í Sunnuhlíð

AkureyrarAkademían keypti skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 fyrir sína starfsemi af Díll ehf. bókhaldsþjónustu í janúar 2020 og var flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25.8 m.kr. og var tekið bankalán að upphæð 20.250 m.kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er um 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Díll ehf. leigir rými í húsnæði AkAk en þar starfa tveir starfsmenn og er mánaðarleg leiga nú kr. 79.000. Húsnæðiskaupin hafa ekki haft neikvæð áhrif á fjármál og rekstur AkAk.

Innanhúsfólk

Í húsnæði AkAk eru vinnupláss fyrir 12 einstaklinga hverju sinni. Hér er aðstaða framkvæmdastjóra ekki talin með eða það rými sem Díll ehf. leigir hjá AkAk. Tvö af 12 vinnuplássum eru fyrir frumkvöðla til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna samkvæmt samningi Akureyrarbæjar og AkAk.

Á almanaksárinu 2025 voru 19 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk, til lengri eða skemmri tíma: Arsen Nedovis, Benedikt Sigurðarson, Bryndís Fjóra Pétursdóttir, Dagur Tómas Ásgeirsson, Fayrouz Nouh Gunnar Árnason, Helga A. Erlingsdóttir, Jón Örn Pálsson, Margrét Guðmundsdóttir, Martina Huhtamäki Pétur Guðjónsson, Pétur Björgvin Þorsteinsson, Rannveig Karlsdóttir, Rán Þórarinsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Steingrímur Karlsson, Þorgerður Anna Björnsdóttir og Þórhallur S. Bjarnason.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: stundað nám og kennslu við erlenda og innlenda háskóla, unnið að rannsóknum, fræði- og ritstörfum sem sjálfstætt starfandi einyrkjar, sinnt störfum/verkefnum óháð staðsetningu og unnið að frumkvöðlaverkefnum.

Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu 2017-2025 ¹									
2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	
88%	103%	102%	95%	66%	63%	100%	100%	100%	

Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuaðstöðu til að mæta aukinni eftirspurn. Minni nýting árin 2021 og 2022 stafar af áhrifum kórónufaraldursins, en þá dró úr eftirspurn.

Yfirlit yfir háskólanema og aðra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk árin 2017-2025.									
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025 ²
Háskólanemar:									
Doktorsnemar	5	6	4	3	2	2	2	2	2
Meistararnemar	8	9	12	7	1	2		3	1
Grunnnámsnemar				2	7	1	1		
Aðrir:									
Háskólakennarar				1	1			1	1
Nýdóttorar	1	3		3	2			1	
Sjálfstætt starfandi	4	4	5	4	7	6	7	9	9
Frumkvöðlar					2	4	6	5	5
Störf óháð staðsetningu						2	6	4	2
Samtals	18	22	21	20	22	17	22	25	20

Á ofangreindu árabili hafa háskólanemar verið flestir þeirra (82) sem hafa verið með vinnuaðstöðu hjá AkAk, þar á eftir eru sjálfstætt starfandi (55), frumkvöðlar (22) og þeir sem eru í óstaðbundnum störfum (14).

¹ Tölur um fjölda þeirra sem er með vinnuaðstöðu hjá AkAk og um nýtingu á vinnuaðstöðu eru miðaðar við almanaksárið.

² Einn einstaklingur er tvítalinn, var sjálfstætt starfandi hluta ársins og vann að frumkvöðlaverkefni hinn hlutann samkvæmt samstarfssamningi AkAk og Akureyrarbæjar.

Aðstaða og þjónusta

Einn liður í stefnu AkAk er að leggja fyrir árlegar kannanir meðal þeirra sem leigja þar vinnuaðstöðu. Spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá stofnuninni og var fyrsta könnunin lögð fyrir vorið 2022. Markmiðið er að greina starfsemina og að nýta niðurstöður til að bæta hana. Niðurstöður kannana hafa sýnt almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar hafa einnig komið fram gagnlegar ábendingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á áherslum, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

Þeir sem starfa í húsnaði AkAk njóta félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir aðstoð við verkefni sín en gagnlegt er að geta rætt það sem verið er að vinna að. Framkvæmdastjóri kemur á framfæri við innanhúsfolk upplýsingum um möguleika á styrkjum og veitir aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Innanhússtarf

Löng hefð er fyrir félagslegri samveru og ýmsu samstarfi innanhúsfolks, eins og tiltektardögum, súpufundum, vorferðum og jólaboðum. Á súpufundum hittist fólk í hádeginu og segir frá verkefnum sínum og rætt er um það sem er á döfinni í starfsemi AkAk.

Haustmisseri 2025

- Tiltektardagur var haldinn í lok maí og lagað til í húsnaðinu eftir veturinn.
- Farið í vorferð í byrjun júní og haldið í Mývatnssveit. Fyrst var Gígur heimsóttur, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skútustöðum. Því næst var gestastofan í Kröflu skoðuð, farið í gönguferð um Höfða og kvöldmatur borðaður á Sel hóteli á Skútustöðum og síðan keyrt heim.
- Laugardaginn 29. ágúst var opið hús í tilefni af Akureyrarvöku og bæjarbúum boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina og þiggja léttar veitingar.
- Innanhúsfolki var boðið upp á grill.
- Heimsókn í frumkvöðlasetrið Drift EA á Akureyri.
- Þrír súpufundir voru haldnir.
- Fimmtudagskaffi haldið tvisvar, hist í kaffistofunni til að spjalla og skiptist fólk á að koma með meðlæti með kaffinu.
- Jólaboð var í byrjun desember í Zontahúsinu við Aðalstræti 54.

Vormisseri 2026

- Fjórir súpufundir voru haldnir.
- AkAk bauð félögum sínum upp á vinnustofu um notkun gervigreindar í fræði- og ritstörfum í lok febrúar, leiðbeinandi var Magnús Smári Smáráson verkefnastjóri gervigreindar í HA, 10 félagar tóku þátt í vinnustofunni.
- Í nokkurn tíma var sú hugmynd búin að gerjast að aðilar á Akureyri sem vinna að menningarsögulegum verkefnum hefðu með sér vettvang til að ræða saman: AkureyrarAkademían, Amtsbókasafnið, Arfur Akureyrarbæjar, Héraðskjalasafnið og Sögufélag Eyfirðinga. Fyrsti fundur á þessum vettvangi var haldinn í nóvember 2025. Eftir það var hist fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði, frá janúar - apríl, á Amtsbókasafninu, og er stefnt að því að taka þráðinn aftur upp næsta haust. Stjórn AkAk og framkvæmdastjóri sóttu þessa fundi.
- Frambjóðendum stjórnámálaflokkanna á Akureyri í bæjarstjórnarkosningunum 2026 var boðið í heimsókn í byrjun maí. Tilgangurinn var að kynna starfsemi AkAk og þýðingu hennar fyrir Akureyri. Langflestir flokkar þáðu boðið og sköpuðust gagnlegar samræður innanhúsfólks og frambjóðenda.

4. Miðlun upplýsinga

Markmið stefnu AkAk um miðlun upplýsinga er að efla fjölbreytta miðlun um starfsemi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.

Fréttabréf

Á starfsárinu komu út samkvæmt áætlun fimm fréttabréf en þau hófu göngu sína í nóvember 2020. Tilgangur fréttabréfanna er að miðla upplýsingum til félaga og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinn hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

Gagnagrunnur um verkefni og viðburði

Í október 2021 kom út skýrsla sem Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, tók saman í tilefni af 15 ára afmæli AkAk sem hefur að geyma skrá yfir verkefni sem fólk vann að hjá AkAk frá árinu 2006 og viðburði sem AkAk var með á sama tímabili. Skránum var komið fyrir í gagnagrunni á vefsíðu AkAk.

Í skýrslunni kemur fram að á tímabilinu frá 2006 og til 31. ágúst 2021 voru 97 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk, langflestir þeirra voru námsmenn og/eða kennarar við innlenda og erlenda háskóla og þar að auki margbreyttur hópur vísinda- og fræðimanna, listamanna og frumkvöðla sem flestir eru

einyrkjar. Innanhúsfólk vann að fjölbreyttum hugðarefnum: lokaverkefnum í háskólanámi (grunn-, framhalds- og doktorsnám) á fjölda fræðasviða, greinum/köflum í tímaritum/bókum, ritverkum, sýningum, frumkvöðlaverkefnum, skýrslum og námsefni. Á sama tímabili stóð AkAk fyrir ríflega 150 viðburðum af margvíslegu tagi.

Eftir að skýrslan kom út hafa skrár um fjölda innanhúsfólks, verkefni og viðburði verið uppfærðar jöfnum höndum. Frá 31. ágúst 2021 og til ársloka 2025 voru 33 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk: frumkvöðlar, nemar og kennarar við innlenda og erlenda háskóla, sjálfstætt starfandi og þeir sem sinntu óstaðbundnum verkefnum/störfum. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum: Lokaverkefnum í háskólanámi, skýrslum/umsögnum, greinum/köflum í tímaritum/bókum, ritverkum og frumkvöðlaverkefnum. Þar að auki voru 12 aðrir einstaklingar með aðstöðu hjá AkAk á þessu tímabili en þeir eru ekki taldir með því þeir eru á nafnalistanum sem Margrét Guðmundsdóttir tók saman (hver einstaklingur er aðeins talinn einu sinni).³ Frá 6. október 2021 og til ársloka 2025 stóð AkAk einnig fyrir tæplega 80 viðburðum af margvíslegu tagi.

Í tilefni af 20 ára afmæli AkAk á árinu 2026 er stefnt að því að gefa út nýja skýrslu um fjölda innanhúsfólks, verkefni og viðburði sem nær yfir tímann frá því að skýrsla Margrétar Guðmundsdóttur kom út og fram á árið 2026.

5. Ytra samstarf

Markmið stefnu AkAk um ytra samstarf er að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Akureyrarbær

Akureyrarbær og AkAk endurnýjuðu samstarfssamning sinn í maí 2024 til næstu þriggja ára sem felur í sér stuðning við frumkvöðlastarf með því að bjóða tveimur einstaklingum sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna upp á vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Úthlutunartímabil eru tvö á hverju ári, annars vegar frá 1. mars – 31. ágúst og hins vegar frá 1. september – 28. febrúar og er auglýst eftir umsóknum í janúar/febrúar vegna fyrra tímabilsins og í ágúst vegna þess síðara. Við mat á umsóknum skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- a) Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.

³ Bent er á að upplýsingarnar í skýrslu um fjölda þeirra einstaklinga sem var með vinnuaðstöðu hjá AkAk frá 2006 og til október 2021 og í skrá sem tekin hefur verið saman um sömu mál eftir að skýrslan kom út er hver einstaklingur bara talinn einu sinni. Þessi aðferð er frábrugðin þeirri sem notuð er í yfirlitstöflunni á bls. 6 en í samtalstöfunni fyrir hvert ár eru allir teknir með sem hafa verið með vinnuaðstöðu á viðkomandi ári (einföld „hausatalning“ fyrir hvert ár).

b) Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.

c) Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.

Þó að vinnuplássin gangi ekki út þá greiðir Akureyrarbær samt sem áður fyrir þau, og eru greiðslur gerðar upp tvisvar á ári. AkAk er heimilt að leigja út tímabundið á venjulegum forsendum þau borð sem ekki ganga út. Frumkvöðlar hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum:

- Hugbúnaðarlausnum á netinu fyrir fyrirtæki,
- Dans- og hreyfimeðferð sem meðferðaráætlun fyrir félagslega heilsu,
- Varðveislu sagnaarfs um álfa og huldufólk á Akureyri/Eyjafirði,
- Uppbyggingu hátæknigróðurhúss,
- Kynningar- og fræðsluefni um tegundir og táknfræði blóma í menningar- og sögulegu samhengi,
- Uppbyggingu núvitundarseturs,
- Uppbyggingu hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum,
- Gerð sjónvarpsþátta um óbyggðir á Íslandi,
- Undirbúningi að Sjávarlífssafni á Akureyri og gerð sýningar um sjávarlíf,
- Undirbúningi að leiklistarskóla á Akureyri fyrir aldurinn 16 - 23ja ára og leiklistarnámskeiði fyrir fólk á aldrinum 67 ára og eldri,
- Gagnvirkt efni um merka staði á Akureyri,
- Fræðslu- og kynningarefni fyrir starfsfólk grunn- og framhaldsskóla um einhverfu og aðrar raskanir.

Háskólinn á Akureyri

- Samkvæmt samstarfsamningi aðila veitir AkAk árlega upplýsingar um innanhúsfólk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra um að taka að sér kennslu eða önnur verkefni. Á listanum eru hverju sinni þeir sem hafa samþykkt að veita HA upplýsingar um helstu atriði varðandi menntun sína og feril.
- Rektor HA, forsetar fræðasviða og tengiliður HA við AkAk komu í heimsókn til AkAk í lok október, stjórn AkAk kynnti starfsemi stofnunarinnar og rætt var um aðferðir til að víkka út samstarf HA og AkAk, s.s. með árlegum viðburðum, að auka samtal AkAk við fræðasvið og deildir HA og koma á formlegum farvegi í HA fyrir auglýsingar á viðburðum á vegum AkAk.
- Stjórn AkAk kynnti akademíuna á stjórnarfundum fræðasviða HA og á deildarfundum á haust- og vormisseri.

- AkAk og Auðlindadeild HA stóðu saman að málþingi um náttúru og auðlindanýtingu á Norðurlandi, 30. apríl í HA. Fimm fræðimenn héldu erindi um þema málþingsins, tveir frá Auðlindadeild og þrír frá AkAk:
- ✓ Hreiðar Þór Valtýsson, dósent við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri: *Fiskveiðar frá Norðurlandi í 125 ár.*
- ✓ Jón Örn Pálsson, sjávarútvegsfræðingur, sjálfstætt starfandi hjá AkureyrarAkademíunni: *Ný auðlindanýting á strandsvæðum Íslands.*
- ✓ Rannveig Björnsdóttir, prófessor við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri: *Verðmætasköpun úr blóði eldisfisks.*
- ✓ Þórhallur S. Bjarnason, véla- og orkutækni-fræðingur, sjálfstætt starfandi hjá AkureyrarAkademíunni: *Vistvænn orkuþerfi úr hreinum auðlindum.*
- ✓ Rán Þórarinsdóttir, líffræðingur á sviði dýravistfræði hjá Náttúrustofu Norðausturlands og með aðsetur hjá AkureyrarAkademíunni: *Að meta áhrif vindorkuvera á fugla.*

ReykjavíkAkademían

- Sameiginlegur póstlisti akademíanna var notaður eins og áður til að miðla ýmsum upplýsingum og fréttum.

Viðburðir

Málþing í samstarfi AkAk, Háskólans á Akureyri og ReykjavíkAkademíunnar: *Starfshættir við lagagerð á Alþingi – Ímyndir og raunmyndir*, í HA, 14. nóvember 2025.

Tílefni málþingsins voru átök og atburðir við meðferð frumvarpa á Alþingi vorið 2025 en sjónarhornið var þó almennara og víðfeðmara, – eða framkvæmdin við lagagerðina sjálfa, sem bæði byggir á faglegum forsendum og stjórnmálabaráttu. Áhersla var lögð á málsmeðferð frumvarpa, gæði lagasetningar og skipulag starfa. Eftirtalin voru með framsögur:

- Þórunn Sveinbjarnardóttir, forseti Alþingis: *Um tílefni og áherslur málþingsins.*
- Dr. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og deildarforseti við Lagadeild: *Alþingi og lagagerð.*
- Dr. Haukur Arnþórsson, sjálfstætt starfandi fræðimaður við ReykjavíkAkademíuna: *Fræðilegt og almennt yfirlit um störf Alþingis.*
- Halla Hrund Logadóttir, alþingismaður: *Starfshættir Alþingis frá sjónarhóli nýs þingmanns.*

Eftir framsögur fóru fram pallborðsumræður. Um 30 gestir sóttu málþingið.

Fortíðin í nýju ljósi. Fimmtudagsfyrirlestrar á Minjasafninu á Akureyri í samstarfi AkAk, Minjasafnsins og Sagnfræðingafélags Íslands. Haldnir voru sex fyrirlestrar í febrúar og mars 2026:

- Dr. Guðni Th. Jóhannesson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands: *Othello-slagurinn á Akureyri og aðrar þorskastríðssögur sem læra má af ef vilji er fyrir hendi.*
- Óskar Þór Halldórsson, blaðamaður og rithöfundur og dr. Friðbjörn Sigurðsson, læknir: *Akureyrarveikin og ME-sjúkdómurinn.*
- Gunnar V. Andrésson, fréttaljósmyndari og Sigmundur Ernir Rúnarsson, alþingismaður og fyrrverandi fréttamaður: *Spegill þjóðar - fréttamyndir í 50 ár og sagan á bakvið þær.* Samhliða var opnuð sýning á Minjasafninu á fréttaljósmmyndum Gunnars.
- Ragnhildur Björt Björnsdóttir, sagnfræðingur: *Ilmur, angan og fnykur: Ýmis lykt í íslenskum heimildum frá 19. og 20. öld.*
- Dr. Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands: *Strá fyrir straumi. Ævi Sigríðar Pálsdóttur (1809–1871) og brotakenndar heimildir.*
- Kjartan Ísleifsson, sagnfræðingur: *Skreytingar í handritum síðari alda og þáttur af einum norðlenskum listaskrifara.*

Ríflega 400 gestir sóttu fyrirlestrana. Stefnt er að því að gera fimmtudagsfyrirlestra í febrúar og mars að árvissum viðburði.

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Frá árinu 2016 hefur verið samstarf milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi og aðgengilega fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa, og eru þeir haldnir til skiptis á Hlíð og Lögmannshlíð. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og til einstaklinga utan hópans. Á starfsárinu voru eftirfarandi viðburðir haldnir á hjúkrunarheimilunum:

Haustmisseri 2025

- Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskufræðingur: *Skyggst í menningarheim Kína.*
- Jón Hjaltason, sagnfræðingur: *Sambúðarsaga hjónanna Sveins Þórarinssonar og Sigríðar Jónsdóttur, foreldra Jóns Sveinssonar – „Nonna“.*
- Heiða Björk Villhjálmisdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Listasafninu á Akureyri: *Margskonar myndlist.* Umfjöllun um valin listaverk í eigu safnsins.

Vormisseri 2026

- Benedikt Sigurðarson, fyrrverandi skólastjóri, háskólakennari og framkvæmdastjóri: *Laxárdeilan 1968 til 1974.* Um samhengi Laxárvirkjana og átaka sem risu um áformað rask með vatnaflutningum úr Skjálfandafljóti. Menningarsjóður Akureyrarbæjar styrkti viðburðinn.

- Óskar Þór Halldórsson, blaðamaður og rithöfundur: *Helena og hvítu mávarnir*. Dagskrá um Helenu Eyjólfsdóttur söngkonu og söngferil hennar. Menningarsjóður Akureyrarbæjar styrkti viðburðinn.

Um 180 gestir sóttu viðburðina.

Bakarís-fyrirlestrar

Bakarís-fyrirlestrarir eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar í Sunnuhlíð 12. Markmið þeirra er að fólk sem hefur unnið að verkefnum hjá AkAk hafi vettvang til að kynna þau, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni.

Tveir bakarís-fyrirlestrar voru haldnir á starfsárinu:

- Dr. Skafti Ingimarsson, sagnfræðingur: *Rauði bærinn á Norðurlandi*. Um stjórnámálamanninn Einar Olgeirsson (1902 – 1993), og þátttöku hans í verkalýðs- og stjórnmalabaráttunni á Akureyri á millistríðsárum 20. aldar. Erindið byggði á nýrri bók Skafta: *Nú blakta rauðir fánar: saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918–1968* sem er að stofni til doktorsritgerð Skafta sem hann varði við Háskóla Íslands vorið 2018.
- Dr. Sara Stefánsdóttir, iðjuþjálfari og lektor við heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri: *Það þarf þorp: Seinfærir foreldrar og glíman við kerfið*. Kynning á doktorsrannsókn í fötunarfræði sem hún varði vorið 2025 við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands.

Um 40 gestir sóttu viðburðina.